

Athugasemdir hagsmunaaðila við drög að reglum um númera- og þjónustuf lutning í almennum fjarskiptanetum

9. september 2008

Í lok maí sl. hóf Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) undirbúning að móttun nýrra reglna um númera- og þjónustuf lutning á sviði fjarskipta. Birti PFS drög að reglunum á heimasíðu stofnunarinnar þann 18. júlí sl. og óskaði jafnframt eftir athugasemdum og umsögnum hagsmunaaðila um reglurnar. Frestur til að skila inn umsögn var veittur til 8. ágúst sl. og skiluðu þrír aðilar inn umsögnum sínum fyrir þann tíma. Þau fyrirtæki sem um ræðir eru Síminn hf., Og fjarskipti ehf. (Vodafone) og Nova.

Auk samráðs við hagsmunaaðila taldi PFS mikilvægt að leita eftir álitum talsmanns neytenda (TN) á regludrögunum. Álit TN barst PFS þann 5. september sl. og er aðgengilegt inn á heimasíðu embættisins á slóðinni <http://tn.is/pages/301/NewsID/866>

Í þessu skjali er að finna samantekt af þeim athugasemdum sem bárust vegna samráðs PFS um regludrögin og svör PFS við þeim. Ekki þykir ástæða til að sundurgreina athugasemdir og svör eftir aðilum, fyrir utan þær athugasemdir sem er að finna í álitum TN.

1. Um markmið og gildissvið skv. 1. gr. regludraganna

Athugasemd

1.1

Lagt er til að bætt væri við ákvæðið að markmið reglnanna skuli vera að auka neytendavernd þeirra viðskiptavina fjarskiptafyrirtækja sem fluttir eru án heimildar eða beiðni um flutning til annars fjarskiptafyrirtækis.

Afstaða PFS

Þar sem tilgangur og markmið með reglum um þjónustuf lutning er fyrst og fremst með hagsmunum neytenda að leiðarljósi er PFS sammála framangreindu og telur mikilvægt að það komi sem skýrast fram í reglunum. Er því bætt við 1. gr. reglnanna orðunum „auka neytendavernd“.

2. Um forsendur höfnunar á beiðni um flutning skv. 8. gr.

Athugasemd

2.1

Bent er á að skv. a-lið 8. gr. er lokunarhæf skuld þegar ógreidd eru +30 daga vanskil á þeirri þjónustu sem óskað er eftir flutningi á. Telur fyrirtækið að þetta sé of langur tími og geti skapað hættu á misnotkun þar sem notandi getur flutt sig á milli fyrirtækja með miklar skuldir hjá fráfarandi fyrirtæki. Er því lagt til að lokunarhæf skuld sé skuld sem ógreidd er +10 dögum eftir eindaga hennar.

Afstaða PFS

Að mati PFS eru ekki málefnalegar forsendur til að fallast á að ofangreinda athugasemd. Taldi stofnunin að +30 daga vanskil væri sá lágmarkstími sem hægt er að hafa fyrir sem forsenda synjunar um höfnun á flutningi. Hins vegar, eins og fram kemur hér á undan taldi PFS mikilvægt að leita eftir álitum talsmanns neytenda á regludrögunum, sérstaklega með tilliti til þessa ákvæðis.

Í álitum talsmanns neytenda er lagt til að a-liður 8. greinar falli brott, með eftirfarandi röksemdum:

„Í upphafi vil ég taka undir með PFS að 30 daga lágmarksvanskilatími ætti að vera forsenda slíkrar synjunar ef á annað borð væri unnt að neita um númeraflutning af þeim sökum. Er sá frestur víða í löggjöf talinn hæfilegur viðmiðunartími; má í því efni í dæmaskyni benda á mánaðarfrest notenda við einhliða breytingar á samningsskilmálum skv. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu en samkvæmt síðarnefnda ákvæðinu mætti segja að almenn lagaregla sé að ekki teljist um vanskil að ræða fyrir en að liðnum mánuði frá kröfudegi. Í raun ætti þó ekki að leita víðar en í 1. málslíð 1. mgr. 39. gr. laga um fjarskipti þar sem áskilin er „skrifleg aðvörun a.m.k. mánuði fyrir lokun.“

Á hinn bóginn tel ég að ekki sé unnt að synja um númeraflutning vegna vanskila neytanda.

Slíkur réttur er ekki fyrir hendi í gildandi reglum nr. 401/2001 um númeraflutning.

Eins og bent hefur verið á af hálfu PFS er lagalegur réttur neytenda til númera- eða þjónustuflutnings tryggður í 1. mgr. 52. gr. laga um fjarskipti. Þetta er mikilvægur valréttur neytenda og einnig mikilvægur af samkeppnisástæðum. Af þeirri ástæðu verður að mínu mati að líta á allar takmarkanir sem undantekningar sem hafa verður lagastoð eða a.m.k. skýra stoð í annarri gildri réttarheimild. Slíka lagastoð er ekki að finna í 39. gr. sömu laga þar sem fjallað er um heimild til lokunar á talsímaþjónustu. Álitamál er hvort slík undantekning verður fundin í viðskiptavenju eða samkvæmt eðli máls.

(...) Í 1. málslíð 1. mgr. 52. gr. laga um fjarskipti segir:

„Notendum almennrar talsímaþjónustu, að meðtalinni farsímaþjónustu, skal vera unnt að halda símanúmerum sínum óháð því hvaða fjarskiptafyrirtæki veitir þjónustuna.“
Með hliðsjón af orðalaginu - „skal“ - og því að telja verður tilgang laga um fjarskipti öðrum þræði að tryggja neytendavernd tel ég ljóst að um sé að ræða ófrávíkjanlega reglu sem veiti neytendum rétt í einkaréttarlegu sambandi þó að lögin séu öðrum þræði á sviði allsherjarréttar.

Hvort unnt er að skýra ákvæði um fortakslausan rétt neytenda til flutnings skv. 1. mgr. 52. gr. laga um fjarskipti þrengjandi með hliðsjón af 39. gr. sömu laga eða eðli máls tel ég mikið álitamál og mjög varhugavert með vísan til þeirra lagasjónarmiða sem ég hef rakið hér að framan.

Sé ég því ekki ástæðu til þess að reglur PFS staðfesti þá framkvæmd sem tíðkast hefur - að auk annarra innheimtuúrræða sé unnt að beita synjun um flutning sem beinu eða óbeinu innheimtuúrræði. Bendi ég á að nýverið hafa verið sett lög um innheimtustarfsemi sem tryggja rétt neytenda og koma reglu á samskipti skuldara og kröfuhafa.

Eðlilegt er að mínu mati að fjarskiptafyrirtæki leiti atbeina löggjafans vilji þau geta sýnað um lögvarinn númeraflutning vegna lokunarhæfrar skuldar en fyrirfram tel ég ekki ástæðu til þess að styðja slíka lagabreytingu þar sem innheimtuúrræði kröfuhafa á borð við fjarskiptafyrirtæki eru þegar tryggð vel í lögum eins og aðrir hagsmunir þeirra sem kröfuhafa. Þar sem fjarskiptafyrirtæki hafa eins og önnur fyrirtæki á neytendamarkaði visst svigrúm til þess að velja viðskiptavinum - og hafna af málefnalegum ástæðum - sé ég ekki ástæðu til þess að tryggja fjarskiptafyrirtæki betur en önnur fyrirtæki fyrir viðskiptavinum sem vísitandi skilja eftir sig skuldahala og vilja í kjölfarið flakka á milli fyrirtækja enda liggja engar upplýsingar fyrir um umfang þess vanda frá sjónarhóli fjarskiptafyrirtækjanna.“

Áliti talsmanns neytenda er aðgengilegt á heimasíðu embættisins (www.tn.is).

Með tilliti til ofangreinds gerir PFS breytingu á regludrögunum og fellir niður ákvæði a-liðar 8. gr. í regludrögunum með vísan til 52. gr. fjarskiptalaga.

Þá leggur TN jafnframt til að b-liður 8. gr. „verði endurskoðaður þannig að ekki sé útilokað að neytandi geti flutt sig þrátt fyrir binditíma ef fyrirtæki samþykkir.“

PFS er sammála TN að ekki skuli útiloka að neytandi geti flutt sig þrátt fyrir binditíma ef hlutaðeigandi fyrirtæki samþykkir flutning. Að mati PFS er þó óþarfi að breyta orðalagi ákvæðisins þar sem að þar er aðeins að finna heimild til að sýnja um flutning á þessum forsendum. Kemur orðalag ákvæðisins því ekki í veg fyrir að hlutaðeigandi fyrirtæki geti samþykkt flutning, óski réttthafi eftir því, þrátt fyrir að bindandi samningur sé í gildi.

3. Um skilyrði fyrir að hefja ferli við númera- og þjónustuf lutning, þ.e. að skýrt samþykki rétthafa númers/tengingar liggur fyrir, sbr. 10. gr.

Athugasemd

3.1

Óskar fyrirtækið eftir frekari leiðbeiningum frá PFS um það hvað eigi að teljast skýrt samþykki og í hvaða formi það skuli vera.

Afstaða PFS

PFS fellst á að mikilvægt er að skýra til fulls hvað telst vera „skýrt samþykki rétthafa“: Hefur stofnunin því endurskoðað ákvæði þetta og breytt þannig að fram komi hvað telst vera skýrt samþykki rétthafa, þ.e. „þegar skriflegt eða rafrænt samþykki rétthafa númers/tengingar liggur fyrir. Rafrænt samþykki má veita með tölvupósti eða SMS skilaboðum úr símanúmeri rétthafa sem óskar flutnings.“

Undir þetta tekur TN í áliti sínu, sbr.:

„(...)skriflegt eða rafrænt samþykki sé bæði nauðsynlegt og nægilegt til þess að teljast skýrt í skilningi væntanlegra reglna. Varðandi SMS-skilaboð vil ég taka fram að þar vegast á samkeppnissjónarmið annars vegar og neytendasjónarmið og skýrleikakröfur hins vegar; í ljósi áður nefndra tillagna um áréttingu skaðabótaskyldu og hugsanlegra breytinga á lögum í því efni samkvæmt framangreindu fellst ég á að SMS-skilaboð eigi einnig að teljast nægilega skýrt form samþykkis rétthafa við flutningi. Ég legg þó til að gott eftirlit verði með þeirri aðferð og að reglurnar verði endurskoðaðar ef mikið ber á misbrestum.“

4. Tillaga um ákvæði sem kveður á um skaðabætur vegna óheimils flutnings.

Athugasemdir

4.1

Bent er á að í núgildandi regludrögum er ekki að finna ákvæði sem komi í veg fyrir að fjarskiptafyrirtæki, sem flytja til sín notendur frá öðrum fyrirtækjum án þess að samþykki liggi fyrir, geti hagnast á slíkri iðju. Er því lagt til að í 10. gr. reglnanna mætti bæta við nokkurs konar skaðabótareglu, þar sem kveðið yrði á um að sá aðili sem færir viðskiptavin til sín í viðskipti, án þess að viðskiptavinurinn hafi óskað eftir því, bæti fráfarandi fjarskiptafyrirtæki að nokkru það fjárhagslega tjón sem það hefur orðið fyrir vegna flutningsins. Hins vegar í ljósi þess að erfitt getur verið að reikna út raunverulegan skaða vegna þessa er lagt til að bætur vegna slíkrar iðju verði fastákvæðin upphæð vegna hvers viðskiptavinar sem færður er án samþykkis, óháð notkun hans.

Telji PFS aftur á móti að ekki sé lagastoð til þess að kveða á um framangreinda skaðabótagreiddslu í reglunum er farið þess á leit við stofnunina að hún hlutist til um að skriflegu og bindandi samkomulagi verði komið á milli fjarskiptafélaga hér á landi um ofangreinda greiddslu skaðabóta.

4.2

Gerðar eru athugasemdir við það að hvergi í reglunum er tekið á því hvaða afleiðingar það hefur að fjarskiptafyrirtæki brjóti reglurnar, t.d. með því að hindra eða reyna koma í veg fyrir flutning þjónustu eða setja af stað flutning án samþykkis hlutaðeigandi rétthafa. Telur fyrirtækið mikilvægt að PFS tryggi að fyrirtæki séu ekki útrekað að brjóta reglurnar.

Í álit TN kemur fram að vel komi til álita að „í reglunum sé bent á að samkvæmt óskráðum meginreglum skaðabóta- og neytendaréttar kunni þjónustuflutningur, sem neytandi hafi ekki óskað eftir en valdi honum tjóni, leitt til skaðabótaábyrgðar að gildandi rétti“

Afstaða PFS

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum sektum eða skaðabótum í gildandi fjarskiptalögum eða reglum um númeraflutning þegar um er ræða mistök við þjónustuflutning. Hins vegar hefur nefnd á vegum Evrópuþingsins sett fram tillögur til breytingar á fjarskiptalöggjöf ESB hvað þetta varðar. Er þar lagt er til að fjarskiptafyrirtæki greiði hlutaðeigandi notendum skaðabætur vegna óheimils þjónustuflutnings.¹ Telur PFS rétt að skoða breytingar á íslenskum fjarskiptalögum hvað þetta varðar í samhengi við innleiðingu á nýju regluverki ESB þegar að því kemur.

¹ Sjá breytingatillögu 50 á bls. 41 í *Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council amending Directive 2002/22/EC on universal service and users' rights relating to electronic communications networks, Directive 2002/58/EC concerning the processing of personal data and the protection of privacy in the electronic communications sector and Regulation (EC) No 2006/2004 on consumer protection cooperation*. Aðgengilegt á slóðinni:

http://www.europarl.europa.eu/RegWeb/application/registre/getDoc?LINK=http%3A%2F%2Fwww.europarl.europa.eu%2FRegData%2Fcommissions%2Fimco%2Fprojet_rapport%2F2008%2F404659%2FIMCO_PR%282008%29404659_EN.pdf&TYPE=TPRR

Þar sem ekki er lagaheimild að svo stöddu til að setja í reglur um númera- og þjónustuflutning sérstakt ákvæði um skaðabætur til notenda vegna óheimils númera- eða þjónustuflutnings, og í ljósi ofangreinds og athugasemda hagsmunaaðila, hefur PFS í hyggju að beita sér fyrir því að koma á skriflegu samkomulagi milli fjarSKIPTAFYRIRTÆKJA á markaði um greiðslu samningsbundinna bóta sín á milli þegar um er að ræða óheimilan númera- eða þjónustuflutning. Telur stofnunin að með slíku samkomulagi muni óheimilum númera- og þjónustuflutningum fækka. Slíkt samkomulag mundi þá gilda þar til nýtt regluverk ESB verður innleitt hér á landi.

5. Um afgreiðslutíma flutningsbeiðna samkvæmt 11. gr. og aðkomu HÍN að flutningsferlinu.

Athugasemdir

5.1

Bent er á að öll tæknileg skilyrði séu til þess að númeraflutningur í farsímanetum gerist sjálfvirk og telur fyrirtækið að númeraflutningur í farsímanetum eigi að vera sjálfvirkir. Fyrirtækið fagnar því að í drögunum er tiltekið að flutningur skili eiga sér stað svo fljótt sem auðið er, en eigi síðar en á 3 virkum dögum. Túlkar fyrirtækið það svo að stefna skuli að sjálfvirkum flutningum og hefði fyrirtækið kosið að PFS setti ákveðin tímamörk þar um.

5.2

Varðandi afgreiðslutíma flutningsbeiðna sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. reglugranna er bent á að við framkvæmd þjónustuflutnings sé leitast við að stytta sem mest þann tíma sem réttihafi er ótengdur. Því reynir fyrirtækið að takmarka eftir föngum þjónustuflutning á föstudögum þar sem það getur leitt til sambandsleysis réttihafa yfir helgi. Af þessum sökum gefist því færri dagar í viku hverri til þjónustuflutnings.

Þá telur fyrirtækið að gert sé ráð fyrir of skömmum tíma til þjónustuflutnings í 2-5. mgr. 11. greinar. Er það sökum þess að vinna við þjónustuflutning þarf bæði að fara fram hjá fyrirtækinu og hjá Mílu. Telur fyrirtækið þó að 3-4 dagar ættu í flestum tilfellum að duga til að afgreiða flutningsbeiðnir, bæði hvað varðar farsíma-, talsíma- og IP-þjónustu, fari fjöldi flutningsbeiðna ekki yfir 200 á dag. Hins vegar telur fyrirtækið að það geti þurft að reikna Mílu ákveðinn dagafjölda til viðbótar.

5.3

Þá er vakin athygli á því að flutningur á xDSL-þjónustu er ekki hluti af HÍN ferlinu í dag og lagt til að skoða möguleika á að koma því þar inn.

5.4

Gerð er athugasemd við ákvæði 6. mgr. 11. gr. sem kveður á um að HÍN skuli setja verkferla um númeraflutning. Átti fyrirtækið ekki von á því að ætlunin væri að setja þetta í hendurnar á HÍN sem hefur eingöngu það hlutverk að halda utan um úthlutun símanúmer þeirra fyrirtækja sem standa að HÍN en ekki að hafa eftirlit með hvort öðru. Í ljósi þessa er óskað eftir upplýsingum um hvernig PFS sjái fyrir sér samningu þessara verkferla og hvort stofnunin hyggist leggja fram drög að slíkum verkferlum þar sem hún hefur safnað saman upplýsingum frá fyrirtækjunum um þetta.

Til viðbótar við framangreint þá sé ekki nægjanlegt að setja skýrar reglur eða verkferla um númeraflutning eingöngu heldur þarf einnig að setja sambærilegar reglur eða ferla um þjónustuflutning. Spurt er hvort verkferlar sem HÍN á að setja eigi einnig að gilda fyrir þjónustuflutning.

Afstaða PFS

Athugasemdir 5.1 og 5.2

Telur PFS að sá afgreiðslufrestur sem kveðið er á um í 11. gr. reglugerðanna sé nægilega rúmur. Í nágrannalöndum Íslands er um að ræða sambærilegan eða mun styttri frest. Þá er ljóst að stefnt er að því að stytta þennan frest verulega í nýju fjarskiptaregluverki sem væntanlegt er frá Evrópusambandinu.² Verða reglur um númera- og þjónustuflutning því teknar upp við innleiðingu á nýju regluverki. Þá mega fjarskiptafyrirtæki vænta þess að afgreiðslutími flutningsbeiðna verði stytur enn frekar.

Athugasemd 5.3

HÍN stendur fyrir *Hið íslenska númerafélag* og hefur það hlutverk að sjá um flutning á símanúmerum. Í ljósi þessa á flutningur á internetþjónustu ekki þarna undir enda felur slíkur flutningur ekki endilega í sér flutning á símanúmeri. Aukinheldur eiga reglur um númera- og þjónustuflutning að gilda jafnt um þjónustuflutning á internetþjónustu og númeraflutning. Þá er ekkert í regludrögum sem kemur í veg fyrir að eigendur HÍN ákveði að víkka út starfsemi félagsins þannig að það annist flutning á xDSL þjónustu fyrir hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtæki.

Athugasemd 5.4

PFS telur eðlilegt að fjarskiptafyrirtækin setji sér sjálf sína verkferla, enda eru þau best í stakk búin að meta hvaða skipulagslegu og tæknilegu ráðstafanir þurfi að grípa til innan fyrirtækisins svo að númera- og þjónustuflutningur gangi greiðlega fyrir sig. Það er ekki markmið í sjálfu sér að verkferlarnir séu eins í öllum tilvikum, heldur að hvert og eitt fyrirtæki geri viðeigandi ráðstafanir hjá sér þannig að verkferlar séu í samræmi við fjarskiptalög og reglna sem settar hafa verið á grundvelli þeirra svo markmiði um skjótvirkan flutning verði náð. Hins vegar getur verið ákveðið hagræði fólgið í því fyrir fjarskiptafyrirtæki að láta HÍN setja sameiginlega verkferla vegna númeraflutnings. Verði um slíkt samráð að ræða telur PFS nauðsynlegt að slíkir verkferlar séu háðir samþykki PFS.

Með tilliti til framangreindra athugasemda hefur verið gerð breyting á 11. gr. reglugerðanna. Í uppfærðum drögum er kveðið á um afgreiðslufresti við númeraflutning í 11. grein en um gerð verkferla og mögulega aðkomu HÍN að sameiginlegum verkferlum í 13. grein.

Þá er vakin athygli á nýju ákvæði í 12. gr. reglugerðanna um **upplýsingaskyldu** fjarskiptafyrirtækja í tengslum við númera- og þjónustuflutning. Telur PFS mikilvægt að fjarskiptafyrirtæki veiti stofnuninni nauðsynlegar tölfræðiupplýsingar til að PFS geti sinnt eftirlitsskyldu sinni samkvæmt 3. og 4. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og

² Sjá breytingatillögur 8 á bls 12 og 50 á bls. 41 í sömu tilvitnun og að ofan.



fjarskiptastofnun, og í þeim tilgangi bæta upplýsingagjöf og auka gegnsæi á fjarskiptamarkaði, sbr. 5. gr. laga nr. 69/2003.

Þær tölfraeðiupplýsingar sem um er að ræða geta m.a. verið eftirfarandi:

- a) Fjöldi númeraflutninga innan fyrirtækis (svæðisflutningur) í fastlínu (PSTN/ISDN/xDSL/VOIP), afgreiðslutíma flutningsbeiðna, meðallengd flutnings í dögum, fjöldi tilvika þar sem flutningur tók lengri tíma er reglurnar segja til um með skýringum og fjöldi synjana með skýringum.
- b) Fjöldi fráfarandi númera- og þjónustuflytninga í fastlínu (PSTN/ISDN/xDSL/VOIP), afgreiðslutíma flutningsbeiðna, meðallengd flutnings í dögum, fjöldi tilvika þar sem flutningur tók lengri tíma er reglurnar segja til um með skýringum og fjöldi synjana með skýringum.
- c) Fjöldi móttakandi númera- og þjónustuflytninga í fastlínu (PSTN/ISDN/xDSL/VOIP), afgreiðslutíma flutningsbeiðna, meðallengd flutnings í dögum, fjöldi tilvika þar sem flutningur tók lengri tíma er reglurnar segja til um með skýringum og fjöldi synjana með skýringum.
- d) Fjöldi fráfarandi númera- og þjónustuflytninga í farsímaneti, afgreiðslutíma flutningsbeiðna, meðallengd flutnings í dögum, fjöldi tilvika þar sem flutningur tók lengri tíma er reglurnar segja til um með skýringum og fjöldi synjana með skýringum.
- e) Fjöldi móttakandi númera- og þjónustuflytninga í farsímaneti, afgreiðslutíma flutningsbeiðna, meðallengd flutnings í dögum, fjöldi tilvika þar sem flutningur tók lengri tíma er reglurnar segja til um með skýringum og fjöldi synjana með skýringum.

6. Um greiðslu númeraflutningsgjalds samkvæmt 14.gr. (nú 16. gr.)

Athugasemd

6.1

Telur fyrirtækið að ekki sé fjallað um númeraflutningsgjald í gildandi reglum og því óskar fyrirtækið eftir skýringum á þessum nýmælum.

Afstaða PFS

Umrætt ákvæði í 14. gr. reglugranna (15. gr. í uppfærðum drögum) er það sama og er að finna í 1. mgr. 10. gr. gildandi reglna um númeraflutning nr. 401/2001. Telur PFS því að ofangreind athugasemd byggist á misskilningi. Aukinheldur má benda á að kveðið er á um gjöld fyrir númeraflutning í 52. gr. fjarskiptalaga.

7. Um ráðstöfunarrétt yfir númeri og skil á númerum samkvæmt 15. gr. (nú 17. gr.)

Athugasemd

7.1

Telur fyrirtækið að ekki sé rík ástæða til að gera kröfu um skil innan 30 daga enda yrði aflögðu númeri vart úthlutað að nýju fyrr en að minnsta kosti 90 dögum eftir að það var síðast notað.

Afstaða PFS

Getur PFS fallist á ofangreint sjónarmið um lengri frest til að skila númerum enda geti falist ákveðin hagræðing í því. Auk þess hefur framkvæmdin hingað til verið sú að hlutaðeigandi númeri er sjaldnast úthlutað til nýs notanda fyrr en að 3-12 mánuðum liðnum.

8. Um kostnað af kerfisaðgerðum og umsýslugjald samkvæmt 16. gr. (nú 18. gr.)

Athugasemd

8.1

Fyrirtækið bendir á að með tilkomu endursöluaðila á markaði hafa fjarskiptafyrirtæki sem hýsa endursöluaðila, ekki yfirsýn yfir það hvort flutt númer tilheyri endursöluaðila eða því fjarskiptafyrirtæki sem hýsir viðkomandi endursöluaðila.

Afstaða PFS

PFS telur ekki ástæðu til að taka tillit til framangreinds enda á ekki að vera vandkvæðum bundið að finna út hvort flutt númer komi frá endursöluaðila eða því fjarskiptafyrirtæki sem hýsir viðkomandi endursöluaðila. Síðarnefnda fyrirtækið býr yfir nauðsynlegum upplýsingum hvað þetta varðar.

9. Um annað samráð við hagsmunaaðila

Athugasemd

9.1

Telur fyrirtækið að nauðsynlegt er að PFS geri betur grein fyrir þeim drögum sem hér eru til skoðunar og svari þeim athugasemdum sem fram hafa komið. Að því loknu er mikilvægt að haft verði samráð við hagsmunaaðila að nýju áður en endanleg drög verða samþykkt.

Afstaða PFS

Telur PFS að stofnunin sé að verða við ofangreindri athugasemd með því að kynna afstöðu sína til þeirra athugasemda sem komu fram í samráðinu. Fellst PFS þó á að veita hagsmunaaðilum færi á að koma að athugasemdum sínum vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á regludrögum frá því þau voru síðast birt á heimasíðu stofnunarinnar þann 18. júlí sl. Eru endurskoðuð regludrög, ásamt þessu skjali, því birt á heimasíðu stofnunarinnar og aðilum þannig veitt færi á að kynna sér regludrögin og innkomnar athugasemdir. Frestur til að skila inn athugasemdum verður þó styttri en í fyrra samráði, eða til **22. september nk**. Að þeim tíma liðnum hyggst stofnunin gefa út reglurnar, enda komi ekki fram sérstakar athugasemdir við þær sem gefa tilefni til annars.

9. september 2008

Inga Helga Jónsdóttir
Lögfræðingur
netfang: ingahelga@pfs.is